

Til félagasamtaka.

Fasteignagjöld árið 2006 - styrkur vegna félags-, menningar-, eða íþróttastarfsemi.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 19. janúar sl. voru samþykktar styrkveitingar til félagasamtaka til greiðslu á fasteignagjöldum árið 2006.

Skilyrði styrkveitingar til félagasamtaka er að húsnæðið sé nýtt til félags-, menningar- eða íþróttastarfsemi og styrkur einungis veittur til greiðslu fasteignaskatts og holræsagjalds. Hámarksstyrkur til hvers félags er 120.000 kr. Styrkveiting miðast við áhugamannafélög sem ekki eru í atvinnustarfssemi. Ekki er veittur styrkur til greiðslu þjónustugjalda, sem eru lóðaleiga, vatnsgjald og sorpgjald.

Af þeim hluta húsnæðisins sem leigt er út eða notað til að afla tekna skal greiða fasteignagjöld. Styrkveiting er háð því að félög skili inn upplýsingum um notkun og tekjur vegna leigu viðkomandi fasteignar.

Ákvörðun um styrk til greiðslu fasteignaskatts og holræsagjalds verður tekin í ljósi innsendra upplýsinga.

Ísafjarðarbæ, 1. febrúar 2006.
Bæjarstjórinn.